


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindþjónusta
Siglingatækjþjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Dagur leikskólanna

Bæjarins besta barst til eyrna að þrír karlmenn væru nú starfandi í heilsdagsstöðum við leikskólana Eyrarskjól og Sólborg á Ísafirði – og hafa þeir aldrei verið fleiri. Þó ekki hafi þeir lokið námi sem leikskólakennarar er engu að síður mikið gleðiefni að þeir taki af skarið og stígi inn, stígi inn í stétt sem fram til þessa hefur nánast verið eignuð konum, hvað sem því kann að valda.

– sjá bls. 6 – 7.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 4. febrúar 2016 · 5. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Rjúpa



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Útvarp Ísafjörður

Nýr þáttur hóf göngu sína í Hlaðvarpi Kjarnans í gær. Í Útvarpi Ísafirði fjalla þau Gylfi Ólafsson, Tinna Ólafsdóttir og Þorsteinn Másson um fregnir af landsbyggðinni í víðum skilningi. Þátturinn verður á dagskrá á mánuðögum.

„Við Gylfi ánetjuðumst hlaðvarpsþáttum þegar við bjuggum í Svíþjóð og höfum

lengi haft það bak við eyrað að gaman væri að gera eigin þætti,“ segir Tinna í samtali við blaðamann Kjarnans. „Við vildum þó ekki gera það nema hafa skýrt þema og við köstuðum allskyns hugmyndum fram sem voru slegnar jafn fljótt út af borðinu.“

Í fyrsta þættinum ræddu þau nær eingöngu alíslenska hluti

á borð við öryggi sjómanna, gönguskíðaiðkun sem meðal við aldurskrísu, amerískar stórmyndir á Akranesi og karp um byggðastefnu sveitarfélaga.

Þríeykið sem stendur að Útvarp Ísafirði.
Mynd: Haukur Sigurðsson.



Ólöf Máney og Eydís Eva sigruðu Samvest



Ólöf Máney Ásmundsdóttir og Eydís Eva Björnsdóttir, stúlkur í 8. bekk við Grunnskóla Öfundarfjarðar, komu, sáu og sigruðu í Samvest-keppninni sem fram fór í sal Grunnskólans á Ísafirði á föstudagskvöldið. Fluttu þær

lagið Mad world eftir félagana í Tears for fears, þó útgáfu sem Gary Jules gerði vinsæla, Ólöf Máney söng og Eydís Eva spilaði á píanó. Þær stóllur verða því fulltrúar grunnskólanna í Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkur

í söngkeppni Samfés sem fram fer í Laugardalshöll 5. mars næstkomandi.

Í öðru sæti voru Pétur Ernir Svavarsson og Ólöf Einarsdóttir, nemendur við Grunnskólann á Ísafirði, þau sungu lagið Find you og Pétur Ernir spilaði jafnframt á píanó. Í þriðja sæti voru stúlkur úr Grunnskóla Bolungarvíkur, þær Karolína Mist Stefánsdóttir sem söng lagið Ég leitaði blárra blóma og Silfá Sigurðardóttir sem lék undir á píanó. Dómarar í keppninni voru Guðmundur Hjaltason, Beata Jóó og Magnús Traustason. Afar góð mæting var á keppnina og skemmtu unglingarnir sér fallega saman.
annska@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Lausar lóðir á Suðurtanga

Lausar eru til umsóknar 11 lóðir á nýju deiliskipulagssvæði, á Suðurtanga, hafnar- og iðnaðarsvæði.

Um er að ræða 5 lóðir fyrir léttan iðnað, 5 lóðir fyrir hafnsækna starfsemi og eina lóð fyrir spennistöð.

Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is og hjá skipulagsfulltrúa, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, olofva@isafjordur.is

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar.



Hafdís Gunnarsdóttir

– Sjónarmið –

Skíðagöngudellann

Ég er orðin þessi manneskja. Þessi týpa sem fólk forðast að tala við, því það veit vel að ég er með þráhyggju af verstu gerð. Aðrir sækja sérstaklega í mig, bíða jafnvel eftir mér á kaffistofunni, því þeir vita að við getum rætt um þessa ákveðnu þráhyggju. Við tölum saman um stíl, tækni, rennsli og erum farin að vita allt of mikið um snjó. Hvað kom eiginlega fyrir mig? Ég þekki mig varla lengur. Undir venjulegum kringumstæðum (og nei, það er ekkert venjulegt við kringumstæðurnar mínar lengur) væri ég blótandi þessari endalausni snjókomu og kulda, teljandi niður dagana þangað til veturinn tæki enda. En í staðinn skrírki ég af kæti þegar snjóar og fagna frostinu með bros á vör. Sjálfviljug fer ég út í kuldann, oft

í viku. Klædd í spandex frá toppi til táar, með lúðapúða um mittið. Ó, guð minn góður hvað ástandið er slæmt. Ég er orðin hugsjúk eins og verstu golfarar og hjólréiðafólk. Og greiningin er: Skíðagöngudella á háu stigi. Ég veit fyrir víst að það eru fleiri svona rugludallar út um allt land, því skíðagöngun er nýjasta æðið og allsstaðar er fólk eins og, é, í spandexgöllum á gönguskíðum.

Ástæðan fyrir þessari svakalegu skíðagöngudellu minni, sem og allra annarra, er auðvitað Fossavatnsgöngun fræga. Þetta elsta skíðamót sem enn er við lýði á Íslandi fer fram á Ísafirði, flottasta skíðamót landsins og í ár fer það fram dagana 28.–30. apríl. Þetta er eins og árshátíð allra skíðagöngumanna á Íslandi og ekki skemmir fyrir að allskonar frægir skíðagöngu-

kappar taka þátt. Ég er reyndar ekki enn farin að þekkja þessa frægu kapp fyrir utan einhverja tvo eða þrjá, en það er nóg fyrir mig að vita af öllum ísfirsku Ólympíuförum í keppninni. Fossavatnsgöngun hefur vaxið og dafnað á síðastliðnum árum og í ár er gert ráð fyrir 1000 keppendum. Nú þegar er orðið fullt í 50 km gönguna en í hana eru skráðir 570 keppendur. Engin smá fjöldi! Þetta er auðvitað mikil búbot fyrir bæinn að fá alla þessa gesti í kringum Fossavatnsgönguna því fólkíð sem hana sækja greiðir fyrir alls konar þjónustu og verslar við fyrirtækin í bænum. Sama og gerist í kringum tónlistarháttíðina Aldrei fór ég suður og Mýraboltann. En svona hátíðir verða ekki til af sjálfu sér. Á bak við þær eru ótal margir tímar unnir að mestu leyti af sjálfböð-

liðum. Húrra fyrir ykkur öllum. Fyrir Fossavatnsgönguna sjálfa eru haldnar æfingabúðir á Ísafirði fyrir fólk sem vill verða betra á gönguskíðum og er jafnvel með háleit markmið fyrir keppnina í apríl. Hingað flykkjast um 50 manns á hvert námskeið og læra réttu tæknina af okkar reyndasta skíðagöngufólki. Ísafjörður er nefnilega orðin aðal staðurinn fyrir skíðagöngufólk. Vil ég ganga svo langt að kalla bæinn paradís skíðagöngufólks, en ég er auðvitað með skíðagöngu þráhyggju. Næstu æfingabúðir eru einmitt í þessari viku og er ég ásamt æfingahópnum mínum skráð í búðirnar. Ójá, þessi della er svo svakaleg að ég er komin í æfingahóp og erum við allar jafn langt leiddar í dellunni. Allar erum við skráðar í 50 km gönguna og ætlum okkur stóra

hluti í apríl. Við skráðum okkur í Fossavatnsgönguna á laugardagskvöldi í október 2015, með vín í hönd. Búnað drekka þó nokkur glös af hvítvíni. Svona vitleysa er auðvitað bara ákveðin undir áhrifum áfengis. Og nú er henni básúnað um allar koppagrundir. Ef það eru fleiri vitleysingar eins og ég og æfingafélagar mínir þarna úti, alvarlega sýktir af þessari svakalegu dellu, vil ég hvetja þá til að skrá sig í Fossavatnsgönguna. Vil ég þó vara ykkur við að vitleysan mun ekki enda þar. Áður en þið vitið verðið þið líka klædd í spandex, frá toppi til táar, með lúðapúða um mittið. Og farið alvarlega að spá í að skrá ykkur í næstu stóru keppni. Þið eigið ekki eftir að þekkja ykkur þegar þið lítið í spegilinn. En munið bara að þið eruð ekki ein.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Clinique dagar
í Lyfju Ísafirði

20%
afsláttur af Clinique vörum
föstudag og laugardag.



Sérfræðingur frá Clinique verður í Lyfju á föstudaginn 5. febrúar og veitir ráðgjöf.





Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Pungu fargi af veröldinni létt

Nú eru fyrstu tölur að koma í hús í löngum aðdraganda að forsetakosningum í Bandaríkjunum og meint yfirburðastaða Donalds Trump reyndist fals eitt. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir hið byggða ból að í stól forseta Bandaríkjanna sitji þokkalega innréttadur einstaklingur og það er óbærileg framtíðarsýn að maður eins og Donald Trump hafi þau völd sem því sæti fylgja. Ekki það að Ted Cruz sem reyndist með mesta fylgið í þessu fyrsta skrefi, sé mitt uppahald heldur en hann leggur til dæmis áherslu á stuðning við Ísrael, að hjónaband sé aðeins milli karl og konu og hann vill ekki hreyfa við lögum um byssueign bandaríkjamanna, svo fátt eitt sé nefnt. Framundan eru nokkrir mánuðir af kosningabaráttu, síðast kusu bandaríkjamenn þeldökkan forseta og þótti það afar framúrsteftnulegt. Skyldu þeir geta kosið konu sem forseta, fram að þessu hefur það verið óhugsandi.

Hér á heimavígstöðvum nást myndir af forsætisráðherra vorum kyssa flóttabörn, bæði héraendis sem erlendis, hugsanlega tengist það óvæntum styrkjum til bestu vina til kvikmyndagerðar um flóttamenn, hvur veit!

Vestfirðingar láta sér þetta allt í léttu rúmi liggja, hér keppast menn og konur við undirbúning þorralóta og gleðjast yfir því að sólin breiði úr geislum sínum niður á firði.

Þann 6. febrúar verður haldið upp á dag leikskólans og í telfni af honum er blaðið málpípa starfsmanna leikskólanna, þó sérstaklega karlkyns starfsmanna.

Kvenfélagið færði í vikunni hjúkrunarheimilinu Eyri heila milljón að gjöf en framlag kvenfélaga landsins til samfélagsins alls verður seint fullþakkað. Þau hafa frá upphafi staðið vörð um lítilmagnann og verið félagsmálaþjónusta þegar aðrir brugðust eða voru ekki tilbúnir. Þau hafa verið límið í litlum samfélögum, staðið fyrir samkomum, þorralótum, erfsidrykkjum og allra handa fræðslu. Í hverjum bæ ætti að vera listaverk tileinkað kvenfélagskonunni.

Legg ég til að allar kvenfélagskonur fá hlýtt faðmlag, hvar sem til þeirra næst, með kærri þökk fyrir allt þeirra starf.

BS

Spurning vikunnar

Hvaða ferðamáta notar þú til ferðalaga milli Vestfjarða og Reykjavíkur?

Alls svöruðu 1050.

Bílinn, sögðu 816 eða 78%

Flugið, sögðu 234 eða 22%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Stjórn Hlífar afhendir Hildi Elísabetu Pétursdóttur þennan rausnarlega styrk.

Rausnarleg gjöf kvenfélagsins

Þann 1. febrúar barst hjúkrunarheimilinu Eyri rausnarleg gjöf frá kvenfélaginu Hlíf eða eina milljón króna. Það var vel


við hæfi að gjöfin var afhent á degi kvenfélagskonunnar og mætti stjórn Hlífar á Eyri með þessa líka flottu ávísun. „Það er okkur mikil ánægja að geta styrkt starfsemi Eyrar á þennan hátt því félagið hefur alltaf haft það að aðalmarkmiði að „styrkja og gleðja aldrað fólk“ eins og segir í núverandi lögum okkar, segir Inga María Guðmundsdóttir.

Upphaf starfsemi Hlífar var að árið 1907 tóku sig saman konur í bænum til að hlúa að eldri borgurum, t.d. með matarveislum. Árið 1910 var svo félagið stofnað með þeim tilgangi, og svo vitnað sé í fyrstu lög félagsins „að líta eftir hag bágstaddir í bæ þessum og hjálpa þeim eftir föngum, sjerstaklega gamalmennum.“

Helsta fjöröflun Hlífar er hin árlega hlutavelta (tombóla) sem er alltaf haldin á haustin. Tombólan hefur verið hluti af Ísfrisku lífi í áratugi, alltaf gengið vel að safna munum, beinum styrkjum og yfirleitt seljast miðarnir upp fljótt og vel.

Fjáraflanir kvenfélagsins eru sjaldnast fyrir ákveðna stofnun eða aðila, heldur almennt til að styrkja góð málefni, en um leið og það var komið grænt ljós á langþráð hjúkrunarheimili á Ísafirði þá voru félagskonur sammála um að þarna væri komið verðugt verkefni fyrir kvenfélagið Hlíf að styrkja.

VEÐUR APPIÐ Í SÍMANN ÞINN



Veður




Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands



1. febrúar er dagur kvenfélagskonunnar



Dagur kvenfélagskonunnar er 1. febrúar, en hann er stofndagur Kvenfélagasambands Íslands sem stofnað var árið 1930. Dagurinn var formlega gerður að degi kvenfélagskonunnar árið 2010 til að vekja athygli á miklu og óeigingjörnu starfi kvenfélagskvenna. Segir á vef kvenfélagasambands Íslands það hafa verið löngu tímabært að kvenfélagskonur fengju sinn eigin dag á dagatalinu, sem með félögum sínum hafa í tæp 150 ár staðið vaktina í landinu og stuðlað að brautargengi ófárar verkfna.

Vestfirðingar hafa ekki fremur en aðrir landsmenn farið varhluta af þeim góðu verkum sem kvenfélögin hafa sinnt og enn eru fjölmargar konur á svæðinu sem starfa með kvenfélögunum. Í sambandi vestfirskra kvenna eru skráð 14 félög sem eru:

Ársól á Suðureyri, Brautin í Bolungarvík, Harpa á Tálknafirði, Hlíf á Ísafirði, Hvöt í Hnífsdal, Neisti á Barðaströnd, Sunna í Reykjafjarðarhreppi, Von á Þingeyri, Kvenfélag Mýrarhrepps, Framsókn á Bíldudal, Brynja á Flateyri, Ósk á Ísafirði, Kvenfélag Mosvallahrepps og Sif á Patreksfirði.

Dagurinn hefur fest sig í sessi undanfarin ár og er hans nú getið á fjölmörgum dagatölum og í dagbókum. Kvenfélög og kvenfélagskonur eru hvattar til að muna eftir deginum og jafnvel gera sér dagamun, en ekki er ætlast til þess af kvenfélagskonum að þær standi sjálfar að hátíðahöldum þennan hátíðisdag. Mörg kvenfélög minnst dagsins þó með ýmsum hætti og er það auglýst innan kvenfélaganna og héraðssambanda þeirra.

annska@bb.is

Myndirnar eru frá sólarcaffi kvenfélagsins Brynju á Flateyri.



Húsnæði Óskast

Allar nánari upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 450 3045 eða weiss@uw.is.

Ábendingar um nemendahúsnæði mega berast hvenær sem er, en flestir nemendur taka ákvörðun á tímabilinu mars til maí.

Tilboð um kennarahúsnæði þurfa að berast fyrir 22.02.2016.

450 3040 | www.uw.is | info@uw.is

Háskóla- og Vestfirðasamband Vestfjarða óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir gestakennara í haf- og strandsvæðastjórnun veturinn 2016-2017. Húsnæðið þarf að vera fullbúið húsgögnum með baði/sturtu, þvotta- og eldunaraðstöðu ásamt aðgangi að Interneti.

Einnig óskast hentugt húsnæði fyrir nýnema í haf- og strandsvæðastjórnun frá og með næsta hausti til u.þ.b. eins árs. Háskóla- og Vestfirðasamband Vestfjarða kynnir það húsnæði sem í boði er fyrir nemendum og kemur á tengslum milli húseiganda og væntanlegs leigjanda. Leigusamningur er gerður beint milli leigjanda og húseiganda.

Óskað er eftir íbúðum eða herbergjum með húsgögnum, aðgangi að baði/sturtu, þvotta- og eldunaraðstöðu.



Kjartan Helgi Steinþórsson

Karlmenn til starfa á leikskólum

Þann 6. febrúar ár hvert er haldið upp á dag leikskólans, sem reyndar ber upp á laugardag að þessu sinni og því fagnað á flestum stöðum á morgun föstudaginn 5. febrúar. Er þetta í níunda sinn sem deginum er fagnað og í tilefni af honum er hrint af stað fyrirfram ákveðnu átaki. Síðustu tvö ár var unnið með átakið „Framtíðarstarfið“, sem var fólgið í að kynna leikskólakennarastarfið sem vænlegt framtíðarstarf, en mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp í byrjun árs 2012 til að setja fram aðgerðaáætlun í þeim tilgangi að fjölga þeim sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara. Í skýrslu starfshópsins var meðal annars hvatt til þess að efnt yrði til kynningarátaks til að auka nýliðunina. Það var gert með góðum

árangri – því aukin aðsókn varð í leikskólakennarafræðin.

Í sömu skýrslu kemur einnig fram að fjölga þurfi karlmönnum sem sækja í leikskólakennaranám en einungis um 6% starfsmanna í leikskólum eru karlmenn, þar af eru 1,7% með leyfisbréf sem leikskólakennarar. Í skýrslunni kemur fram að markmiðið sé að karlmenn verði um 10% starfsfólks leikskóla árið 2050 og til að ná því markmiði þurfi 6–8 karlmenn að útskrifast úr leikskólakennarafræðum á ári. Til að vekja athygli á málefnum var haldinn morgunverðarfundur undir yfirskriftinni „Karlar í yngri barna kennslu – hvað ætlar þú að gera?“ í októbermánuði og fyrirhuguð er ráðstefna um sama málefni í Reykjavík þann 12. febrúar.

Bæjarins besta barst til eyrna að þrír karlmenn væru nú starf-

andi í heilsdagsstöðum við leikskólana Eyrarskjól og Sólborg á Ísafirði – og hafa þeir aldrei verið fleiri. Þó ekki hafi þeir lokið námi sem leikskólakennarar er engu að síður mikið gleðiefni að þeir taki af skarið og stígi inn, stígi inn í stétt sem fram til þessa hefur nánast verið eignuð konum, hvað sem því kann að valda.

Það er ekki hjá því komist að málefnið vekji upp spurningar. Hver vegna sækjast karlmenn ekki í meira mæli eftir því að kenna ungum börnum, eða í minna mæli að kenna yfirleitt? Þetta verður eins og spurningin um eggid og hænuna. Hvort kemur á undan skilgreiningin á starfi leikskólakennarans sem kvennastarfi eða sú staðreynd að leikskólakennarar teljast ekki til hinna tekjumeiri og hvor þessara þátta ræður meiru í vali

karlmanna á framtíðarstarfi. Er kannski ekki raunhæft að ætla körlum það að vilja velja sér þetta starf. Það væri afar ein-kennileg niðurstaða í landi sem skorar hvað hæst þegar jafnrétti í heiminum er skoðað. Því það hlýtur að vera jafnréttismál fyrir karla að geta valið sér að starfa við það sem stendur hjarta þeirra og hugsjónum næst, fyrir utan augljósan ávinning sem það hefur fyrir börn á mótunarárum að hafa aðgang að bæði karl- og kvenímyndum á þeim stöðum sem þau dvelja hvað lengst.

Bæjarins besta ákvað að leggja ekki á liði sínu og fagna „Degi leikskólans“ og taka þátt í um-ræðunni um karla í yngri barna kennslu. Blandað tók því stöðuna á karlmönnum þremur sem starfa á Eyrarskjóli og Sólborg, sem og leikskólástjórnum skól-anna.

Börnin þurfa að sjá kynin vinna saman að uppeldi þeirra

Guðríður Guðmundsdóttir leikskólástjóri á Eyrarskjóli segir ekki mikið af umsóknum berast inn á borð til hennar frá karlmönnum sem vilja starfa á leikskólanum, nema þá einna helst sem aukavinnu með öðrum störfum líkt og íþróttabjálfun. Þó er nú einn karlamaður í fullu starfi við skólann núna, sem er meira en oft áður.

Guðríður sem iðulega er kölluð Guja segir sannarlega þörf á átaki sem því sem nú stendur fyrir dyrum, „hver svo sem vinnustaðurinn er, þá er þörf á átaki þegar kynjamunurinn er jafn mikill á meðal starfsmanna eins og er í leikskólum landsins.“

Guja segir að kynna þurfi starf leikskólakennara betur og það mætti bæta úr því til dæmis í framhaldsskólum landsins.

„Framhaldsskólarnir til dæmis mættu gera það betur, þó svo ég viti að þeir séu að kenna uppeldismiðuð fög sem nýtast til háskólanáms. Margir framhaldsskólar eru með sjúkraliða- og verknámsbrautir en færri bjóða upp á leikskólalíðanám. Fjórir starfsmenn Eyrarskjóls eru í slíku námi hjá Fjölbrotarskólanum í Garðabæ og hefur Hjallastefnan komið þar að til dæmis með aðkomu að kennslu í kynjafræði. Ég held að þarna kunnist vera óþægðir akur hjá framhaldsskólum. Það er líka þannig fyrir starfsmennina, hafi þeir slíkt próf upp á arminn eru hærri laun í boði.“

Guja segir ávinning þess að vera með jafnt hlutfall kynjanna í vinnu með leikskólabörnum mikinn fyrir utan rétt barnanna til fyrirmynda af báðum kynjum í leikskólanum.

En hvervegna heldur þú að skortur sé á karlmönnum við leikskólakennslu?:

„Kannski blunda þarna einhverjir fordómar um að þetta sé kvennastarfi. Upphaflega voru mest karlar við kennslu hér á landi þegar uppfræðsla barna hófst. Þegar konur fóru að leggja starfið fyrir sig voru ekki sömu laun í boði, líkt og við önnur störf er þær sinnu og sinna enn. Launin bera þess ennþá merki.“ Hún segir karlmenn ekki þurfa að óttast að leikskólarnir séu algjört kvennaríki og hvetur þá til að sækja um störf á leikskólum.

„Ég hvet þá karla sem hafa áhuga á að vinna á leikskólum, en þora ekki vegna þess að þeim finnst þeir ekki hafa þekkingu og innsýn í starfið, að koma og fá að kynna sér það starf sem fer fram á leikskólunum. Það er frábært að vinna á leikskóla og börnin okkar eiga líka skilið að fá að hafa karlmenn í starfi skólanna til þess að læra það að kynin vinna saman að uppeldi þeirra.“



Daniél Þór Midgley.

Mikið ábyrgðarstarf að ala upp framtíð þessa lands

Helga Björk Jóhannsdóttir er leikskólastjóri Sólborgar á Ísafirði. Hún hefur verið í því starfi frá byrjun árs 2006 og þar til fyrir skemmstu hafði einungis einn karlmaður starfað við skólann – í hlutastarfi. Nú í vetur hafi staðan þó nánast stökkbreyst, þar sem tveir karlmenn starfa nú í fullu starfi við skólann. Helga segist vonast til að sjá þá ganga þessa götu til enda og mennta sig í fræðunum. En telur hún þörf á sérstöku átaki til að fá karlmenn til starfa með ungum börnum, og það sem meira er mennta sig til slíks?

„Það er þörf á að vekja athygli á því að það er einungis 1% leikskólakennara karlkyns hér á landi. Það er svo mikilvægt að drengir og stúlkur hafi karlkynsfyrirmyndir í umhverfi sínu. Það er ekki mikið um karlkyns kennara frá því barn hefur skólagöngu og þar til langt fram á grunnskólagöngu eða jafnvel lengur, og er það miður. Þegar drengir alast upp við að það eru alls staðar konur í skólaumhverfi þeirra, þá er það ekki hvetjandi fyrir þá að velja sér það sem framtíðarstarf. Því þarf að breyta með því að hækka hlutfall karlmannna í leikskólum.“

Helga segir auðvelt að skilja að erfitt geti reynst fyrir karlmenn að koma inn í umhverfi þar sem konur eru í miklum meirihluta og að þeir geti fundið til vanmáttar við að stíga þar inn.

„Það er okkar sem fyrir erum að breyta því og taka vel á móti þeim sem koma.“ Nefnir hún einnig þann þátt sem oft hefur verið ræddur þegar störf á leikskólum eru annars vegar – launin.

„Launin spila einnig stórt hlutverk þar sem vítað er að hinar hefðbundnu kvennastéttir eru almennt með lægri laun. Það þarf að leiðrétta. Allir þeir sem vinna með börn eiga að hafa miklu hærri laun en raun ber vitni.“

Það er mikið ábyrgðarstarf að ala upp framtíð þessa lands og bera ábyrgð á í samstarfi við foreldra að barninu þeirra líði sem best, vaxi og dafni í leikskólanum sínum.“

Og hverjir eru þeir?

Bæjarins besta sendi þessum sómapiltum sem gæta barna Ísafjarðarbæjar nokkrar spurningar, svona til að kynna þeim betur og kynna þá fyrir bæjarbúum. Þeir brugðust vel við og hér á eftir koma svörin frá þeim.

Allt eins og það á að vera

Fullt nafn: Daniél Þór Midgley, er 27 ára gamall starfmaður á deildinni Dokku á Sólborg. Hann er á fullu í körfubolta með KFÍ samhliða starfinu. Hann lauk framhaldsskólaprófi erlendis.

Hvers vegna valdir þú að vinna á leikskóla?: Spennandi að prófa eitthvað nýtt, ég hef aldrei unnið við nokkuð þessu líkt áður.

Hvernig eru viðbrögð fólks við starfsvali þínu?: Þau eru mjög fín, sumum finnst furðulegt að 27 ára karlmaður sé að vinna á leikskóla, en flestum finnst þetta bara flott mál.

Hvað er það besta við starfið?: Þetta er mjög gefandi starf, gaman að fá að vinna við að leika við krakka allan daginn.

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart?: Nei svosem ekki, á leikskólanum er allt eins og það á að vera.

Hver vegna heldur þú að skortur sé á karlmönnum við leikskólakennslu?: Nú veit ég ekki, get ekki talað fyrir alla karlmenn, en ætli sumir séu ekki bara hræddir við að vera á vinnustað sem er nánast eingöngu kvenfólk.



Helgi Hrafn Ólafsson. Mynd: Gústi.

Hver er ávinningurinn af því að hafa karlmenn við störf á leikskólum?: Krakkarnir hafa gott af því að fá að læra frá bæði körlum og konum.

Börnin sjá að karlar og konur geta, eiga og mega vinna sömu störf

Helgi Hrafn Ólafsson, er 28 ára hópstjóri á Bláa-kjarna á Eyrarskjóli og körfuboltaþjálfari hjá yngstu flokkum KFÍ/Vestra.

Menntun og eða fyrri starfsreynsla: B.Sc. í íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands á Laugarvatni og jafnframt því að útskrifast síðar í mánuðinum með M.Sc. í markaðsfræði og alþjóðaðviðskiptum frá Háskóla Íslands. Hef unnið við ýmis störf meðan ég var að læra, þ.á.m. vaktmaður/öryggisvörður á spítala, pizzasendill, körfuboltaþjálfari o.s.frv.

Fjölskylduhagir: Einhleypur, barnlaus, gagnkynhneigður (einhverjir á Ísafirði virðast gera ráð fyrir að ég sé samkynhneigður)

Hvers vegna valdir þú að vinna á leikskóla?: Eftir að ég kláraði íþrótt- og heilsufræði vildi ég gá hvort kennsla hentaði mér svo ég ákvað að prófa að sækja um leikskólastarf á Urðarhóli í Kópavogi haustið 2012. Þeim leist svo vel á mig að þau buðu mér deildarstjórastöðu og ég hef verið í ýmist fullu starfi eða hlutastarfi á leikskóla síðan þá.

Hvernig eru viðbrögð fólks við starfsvali þínu?: Vanalega nokkuð góð, hef aldrei fengið slæm viðbrögð þannig séð.

Hvað er það besta við starfið?: Hversu gefandi það er. Maður klárar flesta daga andlega búinn á því en líður svo vel að hafa gert eitthvað gott, hvort sem það var að kenna barni hvernig það eigi að skrifa ákveðinn bókstaf eða teikna ákveðið form eða hvernig það eigi að sýna öðrum hlýju eða nærgætni.

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart?: Hve vel ég næ til flestra barna, þau taka mér flest fagnandi. Kannski er það vegna þess að ég er karlmaður en ég vona að það hafi meira að gera með hversu skemmtilegur og góður kennari ég er.



Helgi Hrafn Ólafsson.

Hvers vegna heldur þú að skortur sé á karlmönnum við leikskólakennslu?: Launin eru ekki nógu góð og samfélagið lítur enn á þetta sem kvennastarf (sem skýrir mögulega lágu launin).

Hver er ávinningurinn af því að hafa karlmenn við störf á leikskólum?: Meira jafnvægi í uppeldinu, börnin hafa bæði karl- og kvenfyrirmyndir í leikskólanum og fá betri yfirsýn á það hvernig kynin eiga samskipti. Svo sjá þau líka að karlar og konur geta, eiga og mega vinna sömu störf.

Hvað er það besta við starfið?: Það besta við starfið er sennilega útiveran á lóðinni. Tek yfirleitt alltaf virkan þátt í einhverjum leikjum sem krakkarnir hafa búið til og við getum hlaupið um og fíflast.

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart?: Það kom mér á óvart hvað þetta starf getur tekið á. Ég hef unnið mikið við störf sem hafa reynt mikið á líkamlega eins og löndun úr frystitögurum, en sú líkamlega áreynsla eru smámunir miðað við andlegu þreytuna eftir langan vinnudag á leikskóla. En



Gott fyrir strákana

Kjartan Helgi Steinþórsson er 21. árs leiðbeinandi á deildinni Króki á leikskólanum Sólborg

Menntun og eða fyrri starfsreynsla: Ég er með gráðu samþærilega stúdentsprófi sem ég lauk í Bandaríkjunum, en ég hætti í háskóla úti þegar ég var búinn með tvær annir og fluttist aftur heim. Ég hef mikla starfsreynslu með börnum og hef verið að þjálfra yngri flokka og verið stuðningsfulltrúi í skólum. Svo kem ég frá Grindavík þannig maður hefur fengið sinn skammt af fiskvinnslu.

Hvers vegna valdir þú að vinna á leikskóla?: Mér var bent á þetta starf og ákvað að sækja um. Ég vissi að það væri skortur af karlmönnum á leikskólum og ég hafði líka ágæta reynslu á að vinna með börnum.

Hvernig eru viðbrögð fólks við starfsvali þínu?: Ég hef bara fengið virkilega góð viðbrögð og það er vel tekið á móti manni.

samt mjög gefandi að vinna með börnum á þessum aldri.

Hvers vegna heldur þú að skortur sé á karlmönnum við leikskólakennslu?: Ætli það sé ekki bara launin og hræðslan við að stíga út fyrir þægindahringinn? Svo finnst mér líka að leikskólakennarar fái ekki þá virðingu og laun sem þeir eiga skilið. Maður þælir ekki mikið í því af hverju leikskólakennarar og kennarar yfir höfuð eru að kvarta yfir launinum sínum og réttindum en um leið og þú ferð að vinna á leikskóla/skóla þá áttarðu þig á því að launin eru ekki góð í samanburði við vinnuna sem allt þetta fólk leggur á sig.

Hver er ávinningurinn af því að hafa karlmenn við störf á leikskólum?: Það virðist vera mjög mikilvægt að hafa karlmenn eða strákana í vinnu á leikskólum því strákarnir tengja betur við þá og geta litið upp til þeirra, það er mín reynsla á þessum stutta tíma sem ég hef starfað hér.

Skotíþróttafélagið öðlast nýtt líf



Fjöldi fólks samfagnaði skotíþróttamönnum á formlegri opnun í gær. Mynd: Hrafn Snorrason.



Stórskyttan Ívar Valsson útskýrir fullkominn rafeindabúnað sem félagið hefur keypt. Mynd: Hrafn Snorrason.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar sér fram á að iðkendum fjölgi verulega við nýja aðstöðu á Torfnesi á Ísafirði. Um síðustu helgi var formleg opnun á skothúsi sem er staðsett í áhorfendastúkunnni á Torfnesvelli. „Félagið er að öðlast nýtt líf, þetta er gjörbylting,“ segir Guðmundur Valdimarsson, formaður félagsins. Í skothúsinu er fullkomin aðstaða fyrir markríflla og uppfyllir hún öll lögleg keppnisskilyrði. Guðmundur segir að til þessa hafi aðstaða í þessum klassa einungis verið að finna á höfuðborgarsvæðinu. „Við getum haldið landsmót og stefnum að því,“ segir hann.

Félagið er með skotsvæði á Breiðadalshéið en þar eru leirdufuturnar og aðstaða fyrir stóra ríflla. Stór galli á því svæði er að vegurinn verður ófær í fyrstu snjóum og eftir mikla snjóavetur verður vegurinn ekki fær fyrir en komið er fram á sumar.

Félagið hefur fært út kvíarnar og tekið inn bogfimi líka. „Með því að taka inn bogana getum við eft barna- og unglíngastarf, það eru engin aldurstakmörk í bogana nema að 12 ára og yngri þurfa



Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri vígði húsið og skaut fyrstu örinni. Mynd: Hrafn Snorrason.

að vera í fylgd með fullorðnum. Skotíþróttafélagið er orðið viðurkennt bogfimi félag hjá ÍSÍ,“ segir Guðmundur. Bogfimi nýtur sívaxandi vinsælda á landinu, jafnt hjá konum og körlum og hjá öllum aldursþópum.

Að sögn Guðmundar er tilvalið fyrir starfsmannafélög og aðra hópa að koma í skothúsið og skjóta í mark, hvort sem það er með ríflla eða boga.

Fastir tímar verða í skothúsinu alla virka daga. Á mánudagskvöldum verða æfingar með

enskum rífllum. Á þriðjudögum milli kl. 17 og 19 verða bogfimitímar og kl. 20 opnir ríflltímar. Á miðvikdagskvöldum verða skambbyssuæfingar. Á fimmtudögum milli kl. 17 og 19 verða bogfimitímar og opnir ríflltímar um kvöldið. Á föstudagskvöldum verður æft með enskum rífllum.

Guðmundur segir að fólk geti mætt með eigin ríflla eða leigt þá af félaginu. Í húsinu má einvörðungu skjóta úr 22 kalibera rífllum.

Sundhöll Ísafjarðar 70 ára



1946 greinir fréttaritari blaðsins frá því að á annað þúsund manns höfðu farið í laugina fyrstu þremur opnunardögum.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti nýverið að standa fyrir hönnunarsamkeppni Sundhallarinnar, en meðal þess sem er í skoðun er uppsetning útipotta, bætt aðgengismál og endurnýjun baðklefa.

Málefni Sundhallarinnar vöktu landsathygli fyrir stuttu vegna meintrar baðfatasturlunar.

Gífurleg aðsókn að Sundhöll Ísafjarðar.

Frá fréttaritara Alþýðublaðsins ÍSAFIRÐI í gær.

GÍFURLEG AÐSÓKN hefir verið að hinni nýju og veglegu Sundhöll Ísafjarðar síðan hún var vígð 1. febrúar. Munu alls á annað þúsund manns hafa farið í laugina, þá þrjá daga sem síðan eru liðnir.
HANNIBAL.

Hannibal Valdimarsson skrifar þessa frétt í Alþýðublaðið.

Til sölu

Ítill sumarhúsið í Dagverðardal Ísafirði. Húsið er í aðeins 5 mínútna akstri frá miðbæ Ísafjarðar og er ekki á snjóflóðahættusvæði. Óskað er eftir tilboðum. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum

Allar nánari upplýsingar gefur Henry Bæringsson í síma 863 0827.

Á mánudag voru 70 ár frá vígslu Sundhallarinnar á Ísafirði. Sundlaugarnefnd var fyrst skipuð á Ísafirði árið 1936 og sjö árum síðar, árið 1943, var hafist handa við byggingu hússins. Sundhöllina teiknaði Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, og er hún ein nokkurra sundhallarbygginga eftir Guðjón. Hann teiknaði einnig Sundhöllina í Reykjavík, Sundhöllina á Seyðisfirði, Sundhöllina á Laugarvatni (rifin)

og Sundhöllina í Hafnarfirði. Sundhöllin á Ísafirði sker sig nokkuð frá systur sínum þar sem hún er einnig með íþróttasal, og er kannski nær að tala um íþróttamiðstöð og að líkindum ein af fyrstu húsum sinnar tegundar hérlandis. Byggingin er athyglisverð frá sjónarhóli byggingarlistar vegna samhverfs heildarformsins sem endurspeglar innri gerð hennar.

Í Alþýðublaðinu 6. febrúar



Margt var um manninn og mikið fjör á þorablóti Sléttuhreppinga.

Sléttuhreppingar blót- uðu þorra í Hnífsdal



Sléttuhreppingar blótuðu þorra á laugardagskvöldið á árlegu þorablóti Áttahagafélags Sléttuhrepps í félagsheimilinu í Hnífsdal. Eins og lög gera ráð fyrir var fjörið mikið og sóttu blótið rúmlega 100 manns.

Skemmtiatriði voru heimagerð af skemmtinefnd sem tók fyrir helstu málefni úr hreppnum á liðnu ári. Þar var fjallað um ferðamennsku, bygginga- og skipulagsmál og erindi Bill Gates um að fá að lenda þyrilu í Hornvík sem var hafnað af landeigendum. Einar Hreinsson spilaði undir í fjöldasöng og salurinn tók mjög vel undir. Eftir borðhald lék hljómsveit Benna Sig fyrir dansi og hélt upp stanslausu fjöri fram á nótt.

Fyrir nokkrum árum var tekið upp á að afhenda viðurkenninguna „grænu hvönnina“ á þorablótum. Græna hvönnin

er veitt fyrir einstaka áttahagatryggð. Þessi síður fór í dvala en ákveðið var að endurvekja hann í ár og blótsgestir beðnir að tilnefna aðila sem ætti þennan heiður skilinn. Margir hlutu tilnefningu en úrslitin voru afgerandi og var það Einar Hreinsson sem hrepti hnosið.

Fyrir þá sem klóra sér í kollinum yfir því hverjir Sléttuhreppingar kunna að vera, þá eru það fyrrum íbúar og afkomendur íbúa í Sléttuhreppi hins forna sem náði yfir hluta svæðisins sem í daglegu tali er iðulega kallað Hornstrandir. Í Sléttuhreppi voru byggðir líkt og Sæból og Látrar í Aðalvík, Fljótavík, Hornvík og Hesteyri svo eitthvað sé nefnt. Á síðu áttahagafélagsins segir að haustið 1952 hafi síðustu íbúar Sléttuhrepps flutt í burtu. Sveitarfélag, sem tæpum tveimur áratugum áður hafði verið skipað

fimm hundruð einstaklingum, var ekki lengur til.

Um tilurð félagsins segir að tveimur árum áður en byggðin í Sléttuhreppi fór að fullu í auðn, stofnuðu búsettir Sléttuhreppingar á Reykjavíkursvæðinu Áttahagafélag Sléttuhrepps. Tilgangur

félagsins var að halda tengslum milli þeirra sveitunga, sem þarna höfðu sest að. Þeir vildu hittast og njóta sameiginlegra minninga. Þeim brann í huga að gera eitthvað til þess að vernda tengslin við heimahagana og láta ókomnum kynslóðum í té einhverja vit-

neskju um það mannlíf, sem lifað hafði verið í eyddri byggð. Í dag er Áttahagafélag Sléttuhrepps virkt bæði á Ísafirði og á höfuðborgarsvæðinu og í janúar hélt reykvíska leggur félagsins sitt þorablót í Restaurant Reykjavík.

annska@bb.is



Einar Hreinsson tekur við viðurkenningunni Grænu hvönninni sem veitt er fyrir einstaka áttahagatryggð.



Sportið í beinni...

fimmtudagur 4. febrúar

11:30 Golf - European Tour
20:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 5. febrúar

07:30 Golf - European Tour
19:00 Grindavík - Stjarnan
20:00 Golf - PGA Tour

22:00 Dominos körfuboltakv.
02:30 Dallas Mav - SA Spurs

laugardagur 6. febrúar

09:00 Golf - European Tour
12:35 Man City - Leicester City
14:30 H. Berlin - Bor. Dortmund
14:50 Aston Villa - Norwich
14:50 Newc Utd - WB Albion
14:50 Stoke City - Everton
14:50 Tottenh Hotsp - Watford
14:50 Swansea - Cr Palace
14:50 Liverpool - Sunderland
16:25 Grindavík - Keflavík
17:30 B Leverk - B Munchen
18:00 Golf - PGA Tour

18:30 Formúla E: Buenos Aires
03:00 UFC Fight Night:
Hendricks vs Thompson

sunnudagur 7. febrúar

08:30 Golf - European Tour
10:55 Levante - Barcelona
11:25 Verona - Inter Milan
13:20 AFC Bournmth - Arsenal
13:55 Frosinone - Juventus
13:55 AC Milan - Udinese
15:50 Chelsea - Man United
18:00 Golf - PGA Tour

19:25 Granada - Real Madrid
19:40 Roma - Sampdoria
23:00 Super BOWL 50

mánudagur 8. febrúar

19:00 Keflavík - Grindavík
19:50 Southpton - W Ham Utd
22:00 Messan

þriðjudagur 9. febrúar

22:00 Dominos körfuboltakv

Dagar Íslands

4. febrúar 1968:

Fárviðri gekk yfir Vestfirði. Heiðrún II frá Bolungarvík fórst með sex mönnum. Breski togarinn Ross Cleveland fórst með níttján mönnum en einn komst af. Breski togarinn Notts County strandaði við Snæfjallaströnd og bjargaði varðskipið Óðinn allri áhöfninni, átján manns.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Hvöss norðaustanátt og snjócoma NV-til, annars mun hægari austlæg eða breytileg átt og víða úrkomulítið. Frost 0 til 8 stig.

Á laugardag, sunnudag og mánudag:

Norðaustanátt með snjókomu eða éljum, en að mestu bjart S-lands. Hiti breytist lítið.

Krossgátan

				ÚTSKOT	DÁ	SNERILL	UPP- HRÓPUN	MEINDÝR	FLUGFAR
				SKJÓL					
						GAP			
						VESKI			
							Í RÖÐ		
							Á ENDANUM		
	↓	SPILLA	SKILABÖÐ			HJARTA- ÁFALL			
			TVEIR EINS			SKÚTA			
BÆKLING- UR						SJÁÐU		HRÍSLU- SKÓGUR	
						RÁ		RÁNDÝR	
GLUFA					SKJÖN				
					MERGÐ				
STRÍÐNI			VÆLA				RÁN		
			ÓSKA				ÞURRKA ÚT		
BROTT				RÓTAR- TAUGA				FRÁ	
				NÁ YFIR				TVÍSTRA	
PLATA						HINDRA			
						FESTA			
		EKKERT					STÚLKA		
		ALGENGUR					FIMUR	FROSKUR	
MÁLHELDI					SKÁL			SKORA	
					EINING				
GRÍSKUR BÖK- STAFUR			SJÚK- DÓMUR				TEMJA		
			MJAKA				ANGRA		
SÆLINDÝR				GLATA			TVEIR EINS		
				LISTA- MAÐUR			Í RÖÐ		
INN- HEIMTA						RASK			
FÍKNIEFNI						SVERFA			

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

			RIKI	ÁMÆLA	GORT		TVEIR EINS	DYSJAR	SÍDA			
			ÁTAKAN-LEGA	S	Á	R	L	E	G	A		
			FÓSTRA	A	L	A	GRÖM KRÆKJA	E	R	G		
			KÁSSA	M	A	U	K	SAMTÖK UNDIRREINS	A	A		
			PRÓF-GRÁÐA TOGVINDA	B	S	P	R	Ó	F	SMÁU		
	↓	OFMAT	SIGTI FYRIR HÖND	S	Í	A	ÆTTAR-SETUR VERÐUR	Ó	Ð	A	L	
STIKLA	H	O	P	P	A	FJÖLDI ARINN	S	K	A	R	I	
HERRI	E	F	R	I	HRUMUR ÆÐRI	S	K	A	R	FYGLI	T	
RÖMVERSK TALA	I	L	ÁFANGI TÍK	L	O	T	A	PRÓTTUR SMYRSL	A	F	L	
HVÍLD	L	O	T	LÝD GEYMIR	F	Ó	L	K	TVEIR EINS KÖGUN	U	U	
SNÍKU-DYR	A	F	Æ	T	A	STAMPUR FJALLA-SKARD	T	R	O	G	ÁVÖXTUR	
	G	PUNGI HORFT	F	A	R	G	SKORTUR SLOTA	E	K	L	A	
FLJÓTRÆÐI	F	L	A	N	STEFNA RÍKI	I	S	M	I	HLUTA	K	
TVEIR	I	I	SÍKI STÆLA	K	Í	L	L	L	LÆRIR SKÖLI ÖGN	M	A	
STÓLPI	S	T	A	U	R	RÁNDYR	Ú	L	F	F	U	R
HUKKA	K	I	P	R	A	FLEINN	T	E	I	N	N	
SVELGUR	I	Ð	A	ÆLA VIÐ	K	J	A	S	S	A		



Sudoku þrautir

5	6							
8	1					5	4	
		2	8	3	5		7	
	2	6		9		8		5
		9	5			2		6
1		8	3			7	9	
	8	5					6	9
		1	4			3	8	2
2	3	4	9		6		5	

				6	2	4		
		8						9
						3		
8			9			7		5
			3	5				8
	5		6			2		
7		9	8			1		
		3						
			7	4		5	2	3

Eiríkur Örn og Elísabet spjalla um bækur

Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl og Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt mæta á bókasjall Bókasafnsins á Ísafirði á laugar-

dag. Elísabet ætlar að segja gestum frá nokkrum bókum sem eru í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Eiríkur Örn mun fjalla um og

lesa upp úr Heimsku sem kom út í fyrra og er fimmta skáldaga hans. Spjallið hefst kl. 14.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS
OG
JARÐAR

BB

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HG HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Fáðu svefnherbergið sent heim

- tilboð á heimsendingum út á land febrúar og mars

Hámarksverð fyrir heimsendingar
út á land, sama hve mikið er pantað,
er aðeins 10.000,-
þú borgar mögulega minna, en aldrei meira

Verslaðu á vefnum okkar **www.IKEA.is**

41.800,-

HEMNES rúmgrind

Með SKORVA miðstoð

B160xL200, H120cm

Svarbrúnt. Rimlabotn,

dýna og rúmföt seld sér



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

